

Breytingartillögur

við frv. til l. um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar í greiðslukerfum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „tilnefnt“ komi: tilkynnt.
2. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
 - a. Í stað orðanna „greiðslujöfnunar- og stórgreiðslukerfi“ í 1. tölul. komi: fyrirkomulag.
 - b. Orðin „greiðslujöfnun og“ í 1. tölul. falli brott.
 - c. 13. og 14. tölul. falli brott.
3. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „tilnefna skal í samræmi við 2. mgr.“ í 1. mgr. komi: viðurkennt skal, sbr. 2. mgr.
 - b. Í stað orðsins „tilnefnd“ í 2. mgr. komi: viðurkennd.
 - c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðilum sem starfrækja greiðslukerfi samkvæmt þessari grein er skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um beina og óbeina þátttakendur sem aðild eiga að kerfinu, svo og breytingar á þeim.
4. Á eftir 10. gr. komi ný grein er verði 11. gr., svohljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Prentað upp.